

Samkvæmt þessu ber að fella málið niður. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Mál þetta er fellt niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 6. nóvember 1980.

Nr. 6/1979. **Trésmiðjan Hvammur s/f**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
bæjarfógetanum í Neskaupstað
(Sigurður Ólason hrl.).

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Þorsteinn Skúlason, bæjarfógeti í Neskaupstað, framkvæmdi hið áfrýjaða lögtak.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1979. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og stefnda fyrir hönd ríkissjóðs dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu gerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður falli niður.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt skjölum málsins var gert lögtak hjá áfrýjanda 6. nóvember 1978 til tryggingar sömu kröfum og tryggja átti með hinni áfrýjuðu gerð. Fyrir gerðarþola kom þá fram

Gestur Janus Ragnarsson. Var þá m. a. bókað í fógetaþókina:
 „ . . . Aðspurður kveðst mætti ekki geta greitt ofangreind
 gjöld, en bendir á til lögtaks:

1 combineruð trésmiðavél (HOMBACK). Fógeti lýsti því
 yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign . . .“

Ekkert var bókað um virðingu vélarinnar.

Framangreint lögtak stóð óhaggað 5. desember 1978, þegar
 hið áfrýjaða lögtak var gert, og var ekki komið fram með
 virðingu eða uppboði, að verðmæti þeirrar eignar áfrýjanda,
 sem lögtak var gert í 6. nóvember 1978, hrykki eigi til að
 greiða kröfuna. Mátti því ekki taka lögtakið upp að nýju og
 halda því áfram, eins og gert var 5. desember, sbr. 7. gr.
 lögtakslaga nr. 29/1885 og 51. og 52. gr. aðfararlaga nr. 19/
 1887. Ber því að fella hina áfrýjuðu fógetaþagerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda
 málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn
 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarfógetinn í Neskaupstað, greiði áfrýjanda,
 Trésmiðjunni Hvammi s/f, 250.000 krónur í málskostnað
 að fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð fógetaþéttar Neskaupstaðar 5. desember 1978.

Fyrir tekið: Að framkvæma lögtak fyrir ógreiddum gjöldum,
 sem sundurliðast þannig:

Hvammur s/f trésmiðja, þinggjöld 1977 og 1978 kr. 9.843.724.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og gjaldseðil (fylgir í
 ljósriti).

Af gerðarþola hálfu mætir að tilhlutan fógeta Gestur Janus
 Ragnarsson.

Aðspurður kveðst mætti ekki geta greitt fyrir gerðarþola ofan-
 ofangreind gjöld, en bendir á til lögtaks:

1 framdrif	1 spónsamsetningarvél
1 bandsög	1 spónsög
1 brýnsluvél	1 slípivél
1 bútsög	1 límáburðarvél.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindri eign til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarpóla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Neitar að skrifa undir.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 224/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1980, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. greindra laga. Gögn máls bárust Hæstarétti 7. nóvember 1980. Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, krefst varnaraðili þess, að héraðsdómari, Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, víki sæti í máli, er af hálfu ákærvalds hefur verið höfðað gegn henni með ákæruskjali 29. janúar 1980, þar sem hún er sótt til saka fyrir brot gegn umferðarlögum.

Engin rök eru færð fyrir kæru þessari, sem er að ófyrirsynju.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.